

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 170/2025

frá 11. júlí 2025

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2480 frá 14. desember 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1025/2012 að því er varðar ákvarðanir evrópskra staðlastofnana varðandi Evrópustaðla og evrópsk stöðlunarskjöl ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1338 frá 28. júní 2023 um öryggiskröfur sem uppfylla þarf með Evrópustöðlum um tilteknar barnavörur og tengdar vörur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi texti bætist við í 2. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012):

„, breytt með:

- **32022 R 2480**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2480 frá 14. desember 2022 (Stjtið. ESB L 323, 19.12.2022, bls. 1).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 3vc (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/733):

„3w. **32023 D 1338**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1338 frá 28. júní 2023 um öryggiskröfur sem uppfylla þarf með Evrópu-

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 323, 19.12.2022, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 166, 30.6.2023, bls. 162.

stöðlum um tiltekna barnavörur og tengdar vörur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB (Stjtið. ESB L 166, 30.6.2023, bls. 162).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2022/2480 og ákvörðunar (ESB) 2018/1338, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júlí 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júlí 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.